

REYKJAVÍK 29.01.2015

Innköllun á Rapunzel Tahin (brown) 250gr



Innnes ehf hefur, í samráði við matvælaeftirlit Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, innkallað Rapunzel Tahin (brown) vegna þess að við almennt gæðaeftirlit hjá Rapunzel Naturkost kom fram jákvæð svörun við salmónellu á vörunni.

Innnes innkallar því Rapunzel Tahin (brown) 250gr af markaðnum, óháð best fyrir dagsetningu.

Vinsamlegast athugið að þetta á aðeins við Tahin brúnt ekki Tahin hvítt né aðrar vörur frá Rapunzel.

Rapunzel hefur framleitt Tahin brúnt í yfir 38 ár og hafa aldrei áður lent í sambærilegu atviki. Rapunzel vinnur að frekari rannsóknum til að finna upptök með ráðgjöf utanaðkomandi aðila í samstarfi við viðeigandi matvælastofnanir. Rapunzel harmar þetta mjög og biðst velvirðingar á þessu atviki.

Eftirfarandi upplýsingar auðkenna vöruna sem verið er að innkalla:

Vörumerki:	Rapunzel
Vöruheiti:	Tahin Brown
Strikanúmer:	4006040004011
Nettóþyngd:	250gr
Best fyrir dags:	Allar dagsetningar
Framleiðandi:	Rapunzel Naturkost
Framleiðsluland:	Þýskaland
Dreifing:	Verslanir um land allt

Innnes hvetjur alla þá sem hafa þessa vöru undir höndum að skila henni í næstu verslun gegn endurgreiðslu vörunnar.

Allar frekari upplýsingar veitir Halldór Jökull Ragnarsson gæðastjóri Innnes í síma 660-4033 eða í netfangið hjr@innnes.is